

Reglur um grenjavinnslu í Skaftárhreppi

1. Kafli

Almennt:

1.gr. Reglur:

Reglur þessar gilda um veiðar á refum innan sveitarfélagsmarka Skaftárhrepps.

Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar með breytingarreglugerðum 207/1997 og 879/2014.

2. Kafli

Refaveiði:

2.gr. Veiðimenn

Skaftárhreppur gerir samning við veiðimenn um grenjaleit. Einnig er sveitarfélaginu heimilt að greiða tímakaup fyrir grenjaleit við sérstækar aðstæður.

3.gr. Búnaður:

Veiðimaður sem sveitarfélagið gerir samning við, kemur sér sjálfur upp búnaði til veiðanna. Búnaður við refaveiða skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir.

4.gr. Grenjaveiði:

Sveitarfélagið ræður veiðimenn til grenjavinnslu á tímabilinu 1. maí til 31. júlí ár hvert. (grenjatíma skv. 5.gr. reglugerðar 437/1995 um refa- og minkaveiðar). Skaftárhreppur greiðir þeim þóknun fyrir veidd dýr. Sjá 19. grein. Einungis veiðimönnum sem eru með samning við Skaftárhrepp, er heimilt að veiða á grenjatímabilinu.

Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hættu af. Skal viðkomandi tilkynna fulltrúa sveitarfélags um slíka veiði svo fljótt sem auðið er. Greitt er fyrir slíka veiði skv. 21.gr.

5.gr. Leit:

Við grenjaleit er ætlast til að farið sé á grenstæði sem einhverjar líkur teljast á að tófa leggi í það árið. Ekki ætlast til að farið sé á grenstæði sem hafa ekki verið notuð svo áratugum skiptir nema vísbendingar séu um óvenjulegan tófugang. Þó skal veiðimönnum það í sjálfsvald sett hvort þeir kíki á grenstæði á eigin vegum.

6.gr. Skrá:

Veiðimenn skulu halda skrá, (nafn grenis og GPS skráningu), yfir þekkt greni og uppfæra hana ef ný greni finnast. Þegar veiðimaður lætur af störfum fyrir Skaftárhrepp skal hann afhenda sveitarfélaginu skrána.

Þegar ráðinn er nýr veiðimaður afhendir sveitarfélagið honum grenjaskrá. Sveitarfélagið lætur veiðimann hafa kort í góðum mælikvarða sem hann getur fært staðsetningu grenja inn á.

3. Kafli

Skil á skýrslum og greiðslur:

7. gr. Veiðikort:

Þeir einir fá greidd skotlaun sem hafa gilt veiðikort.

8. gr. Skil á gögnum:

Skottum af unnum dýrum ber að skila til sveitarfélagsins ásamt fylgigögnum. Til þessa ber að nota sérstakar bækur frá Umhverfisstofnun. Þar skal koma fram hvar og hvenær dýr var unnið og hvenær og eða hvaða greni var leitað. Greiðslur fara ekki fram fyrir en þessum gögnum og reikningum hefur verið skilað. Þar með talið að uppfæra grenjaskrá ef ný hafa fundist. Veiðimanni ber að skila til sveitarstjórnar sundurliðuðum reikningi vegna veiðanna.

9. gr. Hámarksupphæð:

Sveitarstjórn ákveður við gerð fjárhagsáætlunar hámarksupphæð til refa- minkaveiða.

10. gr. Kvóti veidda refa:

Hver veiðimaður sem hefur samning við sveitarfélagið getur ekki fengið greitt meira en andvirði sjöttíu (70) dýra á hverju tímabili. Ef veiðimaður telur að kvóti dýra dugi ekki, ber honum að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins.

11. gr. Greiðslur fyrir grendýr:

Greiðslur til veiðimanna með samning, fyrir refaveiðar án virðisaukaskatts eru eftirfarandi:

- Fyrir hvert unnið fullorðið grendýr á tímabilinu 1. maí til 31. júlí ár hvert, greiðist krónur **19.000**.
- Fyrir hvern unnin yrðling á tímabilinu 1. maí til 31. júlí ár hvert, greiðist krónur **19.000**.

Ekki er um aðrar greiðslur að ræða til veiðimanna skv. greinum 4 og 5 hér að framan. Skýrslum og skottum af dýrum sem unnin eru á þessum tíma skal skila eigi síðar en 30. ágúst ár hvert. Ekki verður greitt ef skýrslur berast eftir tilsettan tíma

12. gr. Greiðslur til annarra:

Greiðslur til veiðimanna sem ekki eru með samning við sveitarfélagið skv. reglum þessum eru eftirfarandi:

- Fyrir hvert unnið dýr, greiðist krónur **3.000**.

13. Annað:

Reglur þessar gilda frá og með 1. maí 2023.

Eldri reglur falla úr gildi frá sama tíma.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps þann 29. mars 2023.


Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri

